

## Minnisblað

**Efni:** Áhrif veðhæfni skuldabréfa Reykjavíkurborgar hjá Seðlabanka Íslands  
**Viðtakandi:** Borgarráð  
**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið

Seðlabanki Íslands setti tvo skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar, RVKN 35 1 og RVK 32 1 á lista sinn yfir veðhæf verðbréf í viðskiptum við Seðlabankann þann 20. ágúst sl. Fyrir var skuldabréfaflokkurinn RVK 53 01 á listanum en hann hefur verið á listanum síðan 2010.

Mótaðilar Seðlabanka Íslands í viðskiptum og þátttakendur í stórgreiðslu- og jöfnunarkerfum Seðlabankans geta lagt fram tryggingar í verðbréfum. Annars vegar vegna heimilda í greiðslukerfum og hins vegar sem trygging fyrir daglánnum og veðlánnum, þegar þau eru í boði. Um tryggingar sem teljast hæfar til tryggingar í viðskiptum við Seðlabankann gilda reglur, nú nr. 1200/2019 m.s.br.

Í reglunum segir í 7. mgr., 10. gr. að „...skuldabréf gefin út af Lánasjóði sveitarfélaga eða Reykjavíkurborg sem Seðlabankinn samþykkir hæf til tryggar.“ Eins og áður sagði að þá mat Seðlabankinn skuldabréfaflokkinn RVK 53 1 hæfan til tryggingar fyrir 10 árum og á sama tíma mat hann skuldabréfaflokk Lánasjóðsins LSS150224 hæfan til tryggingar.

Það var svo fyrr á þessu ári að Seðlabankinn tilkynnti um að hann myndi hugsanlega meta fleiri bréf til tryggingar og sendi sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs þá þegar bréf til Seðlabanka Íslands þar sem óskað var eftir því að skuldabréfaflokkar Reykjavíkurborgar, RVK 35 1 og RVK 32 1 yrðu metnir hæfir til tryggingar, enda uppfylltu þeir öll skilyrði bankans.

Skilyrði Seðlabankans eru m.a.:

- Bréfin þurfa að vera rafrænt skráð í verðbréfamiðstöð sem Seðlabankinn viðurkennir.
- Bréfin þurfa að hafa viðskiptavaka annað hvort á skipulegum verðbréfamarkaði eða í upplýsingaveitu sem Seðlabankinn viðurkennir þar sem sýnd eru bæði kaup- og sölutilboð.
- Útgefið markaðsvirði skal vera yfir 5 ma.kr. og staðfest að það magn hafi selst.

Gera má ráð fyrir, að öllu öðru óbreyttu, að helstu áhrif þess að þessir skuldabréfaflokkar séu á veðlista Seðlabankans séu að fleiri kaupendur verða að skuldabréfum borgarinnar, s.s. viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hafa heimild til að vera í viðskiptum við Seðlabankann. Þessir aðilar hafa almennt ekki verið stórir kaupendur á skuldabréfum borgarinnar.

Aukin eftirspurn leiðir almennt af sér, að öðru óbreyttu, að hægt er að selja skuldabréfin á lægri ávöxtunarkröfu en ella og því gæti þetta þýtt að borgin muni geta fjármagnað sig á lægri ávöxtunarkröfu en áður.

*Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

*Halldóra Káradóttir*